

ALÞJÓÐAVÆÐING VINNUMARKAÐARINS  
BARÁTTAN UM BESTA FÓLKID



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



## BARÁTTAN UM BESTA FÓLKIÐ

Íbúar Íslands búa við meiri velmegun en flestar aðrar þjóðir heimsins. Áskoranir hnattvæðingarinnar snúast meðal annars um að tryggja áframhaldandi velmegun íbúa landsins, samkeppnishæfni efnahagslífsins, atvinnu og hagvöxt. Heimsmyndin hefur gjörbreyst á síðustu tveimur áratugum, þar sem heimurinn er nú eitt markaðssvæði í stað margra áður. Bilið sem verið hefur milli fjölmargra nýmarkaðsríkja og þróaðra ríkja minnkar stöðugt og þróuð ríki verða að skapa nýjar hugmyndir og lausnir til þess að viðhalda samkeppnisstöðu sinni. Þess vegna verða þau að leggja mikla áherslu á nýsköpun, rannsóknir, þróun og menntun.

Hnattvæðingin snýst ekki einungis um að bjóða vörur og þjónustu á samkeppnishæfu verði á heimsmarkaði heldur einnig um að laða að sér hæft starfsfólk frá öðrum löndum og halda hæfu starfsfólki. Þar skipta launakjör, verðlag og skattar verulegu máli auk fjölmargra annarra þátta eins og velferðarþjónusta og menning.

Ísland hefur búið við mikla velgengni á undanförunum árum þar sem hagvöxtur hefur verið mjög mikill og atvinnustig hátt. Velgengni í fortíðinni tryggir þó ekki árangur í framtíð. Skilyrði atvinnulífsins taka hröðum breytingum, eins og nýleg dæmi úr fjármálaheiminum sanna, og þau skapa bæði tækifæri og ógnanir.

Í þessu riti er safnað saman upplýsingum sem varpa ljósi á stöðu Íslands með áherslu á stöðu landsins í samkeppninni um hæfasta fólk, þótt einnig sé litið til fjölmargra annarra þátta. Staða landsins er góð á ýmsa mælikvarða, á sumum sviðum er landið í meðallagi og loks má finna svið þar sem úrbóta er þörf. Smæð landsins verður alltaf fjötur um fót og hana þarf að veга upp með því að skara fram úr á öðrum sviðum. Ef Ísland ætlar sér að halda stöðu sinni á þeim öru breytingartímum sem nú eru þarf stöðugt að vera á varðbergi og leitast við að bæta samkeppnishæfni landsins.

Reykjavík í apríl 2008

*Hannes G. Sigurðsson*



19

A814 Clydebank Kilmarnock & Greenock Glasgow Airport M8

E.1

E.2

E.3

50

# ALÞJÓÐAVÆÐING VINNUMARKAÐARINS

## BARÁTTAN UM BESTA FÓLKIÐ

### EFNISYFIRLIT

Baráttan um besta fólkíð.....	bls.	3
Samantekt.....	bls.	7
Laun, kaupmáttur og tekjuskattar - alþjóðlegur samanburður.....	bls.	9
Ísland og umheimurinn.....	bls.	15
Ráðning erlendra sérfræðinga.....	bls.	22
Norræna hnattvæðingarvögin.....	bls.	23

---



## SAMANTEKT

- Ísland stendur Norðurlöndunum í heild að baki við að takast á við áskoranir hnattvæðingarinnar. Þetta sýnir Norræna hnattvæðingargogin en samkvæmt henni bíða Íslendinga verðug verkefni við að bæta stöðuna og tryggja samkeppnishæfni þjóðarinnar, t.d. á sviði efnahagsmála, framleiðni starfsfólks og kaupmáttar launa.
- Ísland stendur vel að vígi í aðþjóðlegum samanburði hvað varðar laun og skatta en hátt verðlag og smæð landsins eru ekki aðlaðandi. Á heildina litið er samkeppnisstaða Íslands um hæft starfsfólk í meðallagi þegar litið er til kaupmáttar launa eftir skatt.
- Verðlag á Íslandi var hæst í OECD ríkjum árið 2007. Verðlag á Íslandi var 60% hærra en að meðaltali í ríkjum OECD og 44% hærra en á evru svæðinu. Næst Íslandi kom Danmörk með 48% hærra verðlag en OECD-meðaltalið, þá Noregur með 42% hærra verðlag og síðan Sviss með 32% hærra verðlag. Hátt verðlag á Íslandi dregur þannig verulega úr samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja um hæft starfsfólk.
- Ísland stendur nokkuð vel varðandi tekjuskatt einstaklinga, en þeir hafa mikil áhrif á atvinnuþátttöku, vilja til að vinna yfirvinnu, taka að sér aukin verkefni, sækjast eftir ábyrgð, mennta sig og skipta um störf. Tiltölulega hóflegur jaðarskattur á meðal- og hátekjur bætir stöðu Íslands í samkeppninni um starfsfólk – meðal annars hæfa sérfræðinga og stjórnendur á alþjóðavísu.
- Kaupmáttur launa eftir skatt er svipaður á Íslandi og í Þýskalandi og Írlandi. Ísland er í 12. sæti þegar lönd OECD eru borin saman. Kórea trónir á toppnum en næst á eftir koma Bretland, Sviss, Lúxemborg, Japan og Noregur. Ísland er í öðru sæti Norðurlanda á eftir Noregi.
- Íslendingum á vinnumarkaði mun fjölga tiltölulega hægt á næstu árum og áratugum Stórir árgangar hverfa af vinnumarkaði vegna aldurs og nýir árgangar sem koma í staðinn eru tiltölulega fámennir. Vinnuframlag erlends starfsfólks verður ein meginforsenda hagvaxtar. Áætla má að miðað við 3% árlegan hagvöxt að jafnaði muni a.m.k. 1.000 erlendis starfsmenn þurfa að flytjast til landsins árlega á tímabilinu 2015-2020 og allt að 1.500 árlega eftir það.
- Hlutfall erlendra ríkisborgara af heildarmannfjölda í upphafi árs var það hæsta á Norðurlöndunum, en álíka margir Íslendingar búa og starfa í útlöndum eins og útlendingar sem dvelja hér á landi. Á milli 20-30 þúsund Íslendingar eru við störf í öðrum löndum – sem jafnast á við að allir íbúar Hafnarfjarðar hafi flutt úr landi.
- Fyrirtæki út um allan heim eru stöðugt í baráttu um besta fólk og til þessa hefur reynst erfitt að ráða hingað starfsmenn frá ríkjum utan EES, t.a.m. háskólamenntað fólk með mikilvæga sérþekkingu frá Bandaríkjunum, Kanada, Kína, Indlandi og fleiri ríkjum. Einnig hefur reynst erfitt að fá maka og börn erlendra starfsmanna til landsins – úr þessu verður að bæta.

**SOUTHPOLE**  
KODAK  
KODAK  
DUAL LENS  
Kodak

**DR. SAVIY GUPTA**  
CW

Advertisement for a woman in a pink outfit

**ARGENT**

**Marriott**  
NEW YORK MARQUEE

**Chaperone**

**Bank of America**

**Purple**  
"SOARING AND JOYFUL"

**WALMART**

**WALMART**

Advertisement for a colorful logo

**HSBC**

**SAMSUNG**

**Coca-Cola**

**FORMAC**

**COUPE**





## LAUN, KAUPMÁTTUR OG TEKJUSKATTAR - ALÞJÓÐLEGUR SAMANBURÐUR

Launakostnaður innlendra fyrirtækja í samanburði við erlenda keppinauta hefur afgerandi áhrif á samkeppnishæfni þeirra. Laun og tekjuskattar hafa einnig áhrif á alþjóðlega samkeppnisstöðu ríkja í keppninni um að laða til sín starfsfólk, einkum vel menntað, þjálfað og hæft starfsfólk, þótt fjölmargir aðrir þættir hafi þar áhrif svo sem menning, umhverfi, þjónustustig og hvetjandi starfsumhverfi. Ísland stendur vel að vígi í aðþjóðlegum samanburði hvað aðdráttarafli launa og skatta varðar, en hátt verðlag og smæð landsins eru ekki aðlaðandi að sama skapi. Á heildina litið er samkeppnisstaða Íslands í alþjóðlegri keppni um hæft starfsfólk í meðallagi þegar litið er til kaupmáttar launa eftir skatt og jafarskatta, miðað við stöðuna eins og hún var árið 2007.

### 1. MEÐALÁRSLAUN Í BANDARÍKJADOLLURUM ÁRIÐ 2007

Íslenskt atvinnulíf greiddi fjórðu hæstu meðalárslaunin í heiminum samkvæmt nýlegri skýrslu OECD. Samkvæmt skýrslunni voru meðalárslaunin rúmar 3,8 m.kr. sem samsvöruðu rúmum 60 þúsundum bandaríkjadollara. Árslaun voru hæst í Noregi, 69 þúsund dollarar, næst hæst í Bretlandi, 67 þúsund dollarar og í þriðja sæti kom Danmörk með 64 þúsund dollarar. Lægstu árslaunin eru í Mexíkó, A-Evrópuríkjunum, Tyrklandi og Portúgal.


Þær atvinnugreinar sem samanburður OECD byggir á eru námuvinnsla, iðnaður, veitur, byggingariðnaður, verslun, hótél- og veitingastarfsemi, samgöngur og fjar- skipti, fjármálastarfsemi og þjónusta við atvinnurekstur.

Samanburðurinn nær til allra starfsgreina, þ.e. stjórnenda, sérfræðinga, tækna, skrifstofufólks, afgangiðslu- og þjónustufólks, iðnaðarmanna og verkafólks.

Miðað er við starfsmenn í fullu starfi allt árið. Ef hluta- starfsmenn eru meðtaldir eru þeir reiknaðir upp í fullt starf.

Árslaun fela í sér öll greidd laun, þ.m.t. yfirvinnu, eingreiðslur á borð við desemberuppþót eða þrettánda mánuð og orlof.


### MEÐALÁRSLAUN FYRIR SKATT ÁRIÐ 2007 Í USD



Upplýsingar frá ríkjunum eru ekki fyllilega samanburðarhæfar í öllum tilvikum. Á Íslandi byggja tölurnar á iðnaði, byggingar-iðnaði, samgöngum og fjarskiptum og fjármálastarfsemi, en upplýsingar um laun í veitum, hótél- og veitingarekstri og þjónustu við atvinnurekstur vantar. Laun fyrir yfirvinnu vantar frá nokkrum ríkjum og ýmis hlunnindi eru meðtalin hjá öðrum. Upplýsingar frá Írlandi, Kóreu og Tyrklandi byggja einungis á verkafólki og iðnaðarmönnum í iðnaði. Þá eru stjórndendur ekki meðtaldir á Ítalíu. Hlutastarfsfólk er ekki reiknað upp í fullt starf í tölum frá Írlandi, Slóvakíu og Tyrklandi.

Gengi krónunnar hefur afgerandi áhrif á stöðu Íslands í alþjóðlegum samanburði. Árið 2007 var gengi bandaríkjadollars rúmar 64 kr. að meðaltali og gengisvísitala krónunnar 118,3 vísitölustig. Þegar þetta er skrifað, um miðjan apríl 2008, er gengi dollars rúmar 72 kr. og gengisvísitalan 147 stig. Gengi bandaríkjadollars hefur þannig hækkað í verði um 12% og erlendir gjaldmiðlar að jafnaði um 20% frá meðaltali ársins 2007 og hefur Ísland þannig lækkað í alþjóðlegum samanburði sem því nemur.

## HLUTFALLSLEGT VERÐLAG ÁRIÐ 2007




## 2. HLUTFALLSLEGT VERÐLAG Í OECD RÍKJUNUM ÁRIÐ 2007

Verðlag á Íslandi var hæst meðal aðildarríkja OECD árið 2007. Verðlag á Íslandi var 60% hærra en að meðaltali í ríkjum OECD og 44% hærra en á evru svæðinu. Næst Íslandi kom Danmörk með 48% hærra verðlag en OECD-meðaltalið, þá Noregur með 42% hærra verðlag og síðan Sviss með 32% hærra verðlag. Hátt verðlag á Íslandi dregur þannig verulega úr samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegri keppni um hæft starfsfólk. Lægsta verðlagið er í Mexíkó, A-Evrópuríkjunum, Tyrklandi og Kóreu.

### 3. KAUPMÁTTUR MEÐALÁRSLAUNA Í BANDARÍKJADOLLURUM ÁRIÐ 2007

Hátt verðlag á Íslandi veldur því að kaupmáttur tiltölulega hárra meðalárslauna á Íslandi er mun minni en ella. Þegar leiðrétt er fyrir mismunandi kaupmætti launa eftir löndum, og samanburðurinn gerður í dollurum með sama kaupmátt, þá hrapar Ísland úr fjórða hæsta sæti niður í það sextánda af OECD-ríkjunum 30. Í dollurum með sama kaupmátt eru árslaunin hæst í Bretlandi, 51 þúsund dollarar, þar á eftir í Þýskalandi, 50 þúsund dollarar, þá Lúxemborg með 48 þúsund dollara og í fjórða sæti kemur Noregur með 46 þúsund dollara. Á Íslandi eru kaupmáttarleiðrétt meðalárslaun 36 þúsund dollarar, lægri en ESB-15 meðaltalið sem er 38 þúsund dollarar en aðeins hærra en OECD meðaltalið, sem er 34 þúsund dollarar. Lægsti kaupmáttur árslauna er í Mexíkó, A-Evrópuríkjunum, Tyrklandi og Portúgal. Þrátt fyrir lágt verðlag í þessum löndum verma þau enn botnsætið í þessum samanburði kaupmáttar árslauna. Kórea færirst hins vegar hátt upp listann.

KAUPMÁTTUR MEÐALÁRSLAUNA FYRIR SKATT ÁRIÐ 2007 Í USD




### 4. TEKJUSKATTAR AÐ VIÐBÆTTUM TRYGGINGAÍÐGJÖLDUM LAUNAFÓLKS

Tekjuskattar einstaklinga hafa mikil áhrif á atvinnuþátttöku, vilja til að vinna yfirvinnu, taka að sér aukin verkefni, sækjast eftir ábyrgð, mennta sig og skipta um starf. Það hefur einnig áhrif á alþjóðlega samkeppnishæfni fyrirtækja hversu háir tekjuskattarnir eru í einstökum ríkjum. Annars vegar þurfa fyrirtæki í ríkjum með háa tekjuskatta að greiða hærri laun en fyrirtæki sem búa við lægri tekjuskatta til þess að laða að sér erlent starfsfólk. Hins vegar skiptir það einstaklingana máli við ákvörðun um flutning til annarra landa til starfa þar hversu háir tekjuskattarnir eru.

Ísland stendur nokkuð vel í þessum samanburði ríkjanna 30. Samanburðurinn miðast við barnlausan einstakling með


## TEKJUSKATTUR AÐ VIÐBÆTTUM TRYGGINGAGJÖLDUM LAUNAFÓLKS. HLUTFALL AF HEILDARLAUNUM ÁRIÐ 2007



meðaltekjur. Til skatta teljast ekki aðeins tekjuskattgreiðslur til hins opinbera heldur einnig ýmis lögboðin tryggingariðgjöld launamanna. Meðalskattbyrðin á Íslandi er 24,4% og eru 17 ríki fyrir ofan og 12 fyrir neðan. Skattbyrðin er hæst í Þýskalandi, 42,8%, þá kemur Belgía með 42,0% og Danmörk er í þriðja sæti með 41,0%. Lægst er skattbyrðin í Mexíkó, Kóreu og Írlandi.

Samanburður OECD nær einnig til skattbyrðar lágtekna og hátekna, sem skilgreindar eru sem 67% og 167% af meðaltekjum. Skattbyrði á lágtekjur er 19,5% á Íslandi og í 18. sæti og á hátekjur 28,4% sem er í 20. sæti. Skattbyrðin á bæði lág- og hátekjur er hæst í Danmörku en Þýskaland og Belgía koma þar strax á eftir.

## KAUPMÁTTUR MEÐALÁRSLAUNA EFTIR SKATTA ÁRIÐ 2007 Í USD



## 5. KAUPMÁTTUR MEÐALÁRSLAUNA EFTIR SKATT ÁRIÐ 2007 Í USD

Kaupmáttur launa eftir skatt er það sem skiptir einstaklingana mestu máli. Alþjóðlegur samanburður leiðir þá óvæntu niðurstöðu í ljós að Kórea trónir á toppnum í samanburði á kaupmætti meðalárslauna eftir skatt, þrátt fyrir að hafa verið í 19. sæti í samanburði á meðalárslaunum fyrir kaupmáttarleiðréttingu og skatta. Næst á eftir kemur Bretland, Sviss, Lúxemborg, Japan og Noregur.

Ísland er í 12 sæti í þessum samanburði, 4% hærra en ESB-15 meðaltalið og 11% hærra en OECD meðaltalið. Ísland er á svipuðum slóðum og Þýskaland og Írland og hæst Norðurlanda, að Noregi undanskyldum.

## 6. JAÐARSKATTAR Á LÁGTEKJUR (67% AF MEÐALTEKJUM)

Jaðarskattar hafa mikil áhrif á vilja einstaklinga til að auka við sig tekjur með aukinni vinnu, ábyrgð eða menntun. Samanburðurinn byggir á barnlausum einstaklingi með lágtekjur, 67% af meðaltekjum og er einungis miðað við skatta og lögbundin trygginga-  
iðgjöld til opinberra velferðarkerfa, en jaðaráhrif bótakerfa eins og t.d. vaxtabóta eða húsaleigubóta eru ekki talin með. Þannig er t.d. lögbundin iðgjöld til opinberra lífeyrisherfa meðtalin en ekki iðgjöld til sjálfstæðra lífeyrissjóða eins og á Íslandi. Gríðarlegur munur er á jaðarsköttum í ríkjunum 30 eða frá 9% í Mexíkó til 61% í Belgíu. Næst hæstu jaðarskattarnir eru í Þýskalandi, 52%, og þar á eftir kemur Holland með 46%. Danmörk og Finnland eru hæst Norðurlanda með 43% jaðarskatta á lágtekjur.

Jaðarskattar á Íslandi eru þeir sömu á allar launatekjur, 34,3%. (Skatthlutfallið er 35,7% og leggst á 96% tekna þar sem 4% iðgjald í lífeyrissjóð er undanþegið skattskyldu). Ísland er með 12. hæsta jaðarskattinn á lágtekjur sem er nálægt óvegnu meðaltali ríkjanna 30, sem er 33,5%.


## 7. JAÐARSKATTAR Á MEÐALTEKJUR

Jaðarskattar á meðaltekjur í OECD ríkjunum eru á bilinu 14% til 55%. Hæstu jaðarskattar á meðaltekjur eru í Belgíu, 55% en þar á eftir koma Ungverjaland, Þýskaland og Svíþjóð með 50-53%.

### JAÐARSKATTAR Á LÁGTEKJUR (67% AF MEÐALTEKJUM)



### JAÐARSKATTAR Á MEÐALTEKJUR




Mexíkó er sem fyrr sér á parti með 14% jaðarskatt en næst fyrir ofan koma Kórea, Japan og Írland með 23-25% jaðarskatta.

Jaðarskattar á Íslandi eru þeir sömu á allar launatekjur, 34,3%. Ísland er með 17. hæsta jaðarskattinn af löndunum 30 en óvegið meðaltal ríkjanna er 37%. Tiltölulega hóflegur jaðarskattur á meðaltekjur bætir stöðu Íslands í samkeppninni um starfsfólk á alþjóðavísu.

## 8. JAÐARSKATTAR Á HÁTEKJUR (67% YFIR MEÐALTEKJUM)

Jaðarskattar á hátekjur eru á bilinu 20-63% í OECD ríkjunum. Þeir eru lang hæstir í Danmörku eða 63% og þar á eftir kemur Belgía með 61%, Svíþjóð með 56,5% og Ungverjaland með 53%. Lægstir jaðarskattar á hátekjur eru í Kóreu, 20%, en þar fyrir ofan kemur Mexíkó, 24%, og síðan Spánn, Slóvakía, Japan, Kanada, Pólland og Ísland.

### JAÐARSKATTAR Á HÁTEKJUR (67% YFIR MEÐALTEKJUM)



Ísland er í 23. sæti í þessum samanburði, með 34,3% jaðarskatt á hátekjur, en óvegið meðaltal ríkjanna 30 er 41,6%. Tiltölulega hóflegur jaðarskattur á hátekjur setur Ísland í sterka stöðu í alþjóðlegri samkeppni um hæfa sérfræðinga og stjórnendur.


## ÍSLAND OG UMHEIMURINN

Ísland er hluti af 300 milljóna manna vinnumarkað. Með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu varð Ísland hluti af innri markaði ESB og tækifæri fólks til vinnu eru nú fjölbreyttari en nokkru sinni fyrr með frjálsri för fólks innan EES. Sömuleiðis geta fyrirtæki á Íslandi laðað til sín hæft starfsfólk víðar að en áður og með aukinni þátttöku þeirra á erlendum mörkuðum hafa stór íslensk fyrirtæki fengið alþjóðlegan blæ. Íslensku bankarnir fá til dæmis samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu 58% af tekjum sínum erlendis frá, 55% útlána eru til erlendra aðila, 41% heildar- eigna eru í erlendum dótturfélögum og um 50% starfsmanna vinna erlendis.

Á Íslandi vinna nú um 180 þúsund manns og hefur erlendum ríkisborgurum, einkum frá nýjum aðildarríkjum Evrópu- sambandsins, fjölgað mikið í efnahagsuppsveiflu undanfarinna ára. Það vinna nánast allir á Íslandi og atvinnuþátttaka er hér sú mesta sem þekkt eða 85% í aldurshópnum 15-64 ára og er mun meiri en í þeim ríkjum sem við berum okkur saman við. Atvinnuleysi meðal innflytjenda á Íslandi er nánast óþekkt.

Það er mikilvægt að vera hluti af evrópskum vinnumarkaði en það eitt og sér dugir ekki. Aðgangur að fólki utan EES þarf að vera greiður. Fyrirtæki út um allan heim eru stöðugt í baráttu um besta fólkið og til þessa hefur reynst erfitt að ráða hingað starfsmenn frá ríkjum utan EES, t.a.m. háskóla- menntað fólk með mikilvæga sérþekkingu frá Bandaríkjunum, Kanada, Kína, Indlandi og fleiri ríkjum. Einnig hefur reynst erfitt að fá maka og börn erlendra starfsmanna til landsins en það mun standa til bóta. Nánar er fjallað um ráðningu erlendra sérfræðinga á bls. 22.

ATVINNUÞÁTTTAKA  
HLUTFALL STARFANDI AF MANNFJÖLDA 15-64 ÁRA







## ÞURFUM Á ERLENDU STARFSFÓLKI AÐ HALDA


Íslendingum á vinnumarkaði mun fjölga tiltölulega hægt á næstu árum og áratugum sökum þess að íslenska þjóðin er að eldast. Miðað við mannfjöldaspár verður árleg fjölgun væntanlega um 1% næsta áratuginn, en fer smám saman minnkandi og mun raunar stöðvast eftir um tvo áratugi. Verður því vinnuframlag erlends starfsfólks ein meginforsenda hagvaxtar. Þann 1. janúar 2008 voru skráðir hérlendis 21.434 erlendir ríkisborgarar. Hlutfall erlendra ríkisborgara af heildarmannfjölda var þá 6,8% og var hlutfall erlendra ríkisborgara af heildarmannfjölda á Íslandi þar með orðið það hæsta á Norðurlöndunum.

Framlag erlendra starfsmanna hefur verið þýðingarmikið fyrir íslenskt þjóðfélag en að mati Seðlabanka Íslands vorið 2007 hefði auður íslenskra heimila verið allt að 5% minni hefði aðgangur erlends starfsfólks verið takmarkaður að íslenskum vinnumarkaði. Ef stöðva ætti eða takmarka með lögmætum hætti frjálsa för fólks frá aðildarríkjum EES þyrfti raunar að koma til uppsagnar EES samningsins.

Fjölmennastir erlendra ríkisborgara hér á landi um síðustu áramót voru Pólverjar (8.488), Litháar (1.332), Þjóðverjar (984) og Danir (966), líkt og verið hefur undanfarin ár. Fram til ársins 2003 voru konur jafnan fjölmennari en karlar í hópi erlendra ríkisborgara.

Síðan 2004 hafa karlar hins vegar verið mun fjölmennari en konur meðal erlendra ríkisborgara. Í árslok 2007 voru karlar með erlent ríkisfang 8,1% allra karla en konur með erlent ríkisfang 5,5% allra kvenna.

HLUTFALL ERLENDRA RÍKISBORGARA AF MANNFJÖLDA  
1998-2008 (1.JAN. ÁR HVERT)



Heimild: Hagstofa Íslands



## MANNFJÖLDAI EFTIR RÍKISFANGI

Með hliðsjón af framansögðu er ekki óvarlegt að áætla að álíka margir Íslendingar búi og starfi í útlöndum eins og útlendingar hér á landi. Við höfum í raun misst heilan Hafnarfjörð úr landi og þar munar um minna.


Íslendingum á vinnumarkaði hefur fjölgað hægt á undanföllum árum. Ein ástæða þess er mikil fjölgun og lítil atvinnuþátttaka örorkulífeyrisþega en í árslok 2007 voru þeir rúmlega 14.500 eða rúmlega 8% í hlutfalli við starfandi fólk í landinu. Þessi þróun hefur m.a. leitt til mikillar eftirspurnar eftir erlendum starfsmönnum enda atvinnuleysi verið í lágmarki á Íslandi undanfarin misseri. Atvinnuleysi var að jafnaði 2,3% árið 2007 samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands og samkvæmt upplýsingum Vinnuálastofnunar var skráð atvinnuleysi 1% að jafnaði árið 2007. Til samanburðar var atvinnuleysi á evrusvæðinu 7,2% í árslok 2007. Minnst var atvinnuleysið í Hollandi og Danmörku eða 3%.

## AUKIÐ VÆGI INNFLYTJENDA

Til að Íslendingar geti haldið þeim lífskjörum sem þjóðin býr við þarf að fjölga fólki á vinnumarkaði um 500-1.500 manns á ári umfram árlega fjölgun Íslendinga á vinnumarkaðnum. Þetta þýðir í raun að við þurfum að fá til landsins starfsfólk, bæði ófaglært, faglært og háskólamenntað sem búast má við að þurfi að leita að út fyrir Evrópska efnahagssvæðið.

Íslenskur vinnumarkaður býr við mikinn sveigjanleika en reynslan hefur sýnt að það er farsælt fyrirkomulag. Miklu skiptir að halda sveigjanleikanum við og bæta úr þeim annmörkum sem til staðar eru. Til dæmis eru fyrirhugaðar breytingar á lögum er varða útlendinga og rétt þeirra til starfa hér sem hafa að markmiði að opna menntuðu fólki frá löndum utan EES óhindraðan aðgang að íslenskum vinnumarkaði.

## MANNFJÖLDI Á ÍSLANDI EFTIR RÍKISFANGSLANDI





## BLÁTT KORT AÐ VERÐA TIL Í EVRÓPU

Í Evrópusambandinu hefur verið ákveðið að einfalda sérstaklega borgurum ríkja utan þess sem eru menntaðir að koma til starfa innan ESB með svokölluðu blákorti sem á sér fyrirmynd í græna kortinu sem eftirsótt er vestan hafs. Einungis 5% menntaðs fólks em flust hafa til annarra landa vinnur í Evrópu. Flestir sækja til Bandaríkjanna og Ástralíu og þessu vill Evrópusambandið breyta. Blákortið tekur ekki gildi fyrr en í lok þessa árs í fyrsta lagi og síðan hafa aðildarlöndin þrjú ár til að hrinda því í framkvæmd. Ríki Evrópu vilja fá til starfa vel menntað og hæft fólk frá ríkjum utan Evrópu. Stefnt er að því að umsókn um atvinnuleyfi taki aldrei meira en 30 daga og ein stofnun í hverju landi beri ábyrgðina.

## NORRÆN RÍKI SÆKJAST EFTIR SÉRFRÆÐINGUM

Það er reynsla hinna norrænu ríkjanna að ef vilji er til að fá vel menntað fólk langt að þurfi að hafa fyrir því. Þó norrænu samfélögin bjóði upp á öruggt velferðarsamfélag, góð laun, næga atvinnu, heilsugæslu eins og hún gerist best og ókeypiss menntun, hugsa sérfræðingar í fjarlægum löndum sjaldnast svo langt norður þegar þeir velja sér land til að búa í og starfa. Norrænu ríkin leita ýmissa leiða til að ná til menntaðs fólks í fjarlægum löndum. Meðal annars stefna Danir á að beita sendiráði sínu í Indlandi og síðar e.t.v. víðar til að koma Danmörku og tækifærum til starfa þar á framfæri við vel menntaða Indverja. Norsku atvinnurekendasmötökin vilja að komið verði á hraðferð í gegnum kerfið fyrir sérfræðinga og að fyrirtæki geti eftir nánari reglum fengið fyrirfram samþykki fyrir að flytja inn vel hæft erlent starfsfólk.

## RÁÐNING ERLENDRA SÉRFRÆÐINGA

Aðild Íslands að EES og stækkun Evrópusambandsins hefur auðveldað íslenskum fyrirtækjum að ráða til sín erlenda starfsmenn, jafnt í almenn störf sem og sérhæfða starfsmenn og sérfræðinga. Það hefur hins vegar gengið erfiðlega að ráða starfsmenn frá ríkjum utan EES, fyrst og fremst vegna hins langa afgreiðslutíma dvalarleyfisumsókna hjá Útlendingastofnun. Einnig hefur ýmislegt staðið því í vegi að makar og börn hafi getað fylgt þessum erlendu starfsmönnum til landsins. Íslensk fyrirtæki hafi því staðið höllum fæti í samkeppni um hæfasta fólk.

Þetta stendur nú til bóta. Alþingi fjallar nú um tvö stjórnarfrumvörp sem auðvelda eiga íslenskum fyrirtækjum að ráða sérfræðinga og starfsmenn með sérþekkingu frá ríkjum utan EES. Frumvörpin eru til umfjöllunar í nefndum þingsins og verða vonandi afgreidd sem lög fyrir þinglok.

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga er gerður greinarmunur á almennum atvinnuleyfum og leyfum vegna starfa sem krefjast sérfræðiþekkingar. Ef um er að ræða starfsmann með háskóla-, iðn-, list- eða tæknimenntun, sem viðurkennd er hér á landi, er gefið út sérstakt atvinnuleyfi sem getur orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis. Starfsmenn með sérstaka fagþekkingu sem byggist á langri starfsreynslu við tiltekið starf falla hér einnig undir. Þegar háskólamaður eiga í hlut er heimilt að falla frá kröfu um að vinnuveitandi hafi fyrst boðið starfið á innlendum vinnumarkaði eða innan EES. Það er eðlilegt enda má gera ráð fyrir að hlutaðeigandi vinnuveitandi hafi þegar boðið tilteknum einstaklingi starf vegna þekkingar hans og færni og því merkingarlaust að auglýsa starfið.

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um útlendinga eru gerðar ýmsar breytingar sem flýta eiga umsóknarferli um dvalarleyfi. Fyrst má nefna að Útlendingastofnun fær skv. frumvarpinu heimild til að veita dvalarleyfisumsóknum vegna vinnu hér á landi forgangsfreiðslu. Heimild þessi nær einnig til umsókna vegna náms hér á landi sem er mjög jákvætt fyrir íslenska háskóla sem reynt hafa að laða að erlenda námsmenn. Slíkar umsóknir verða þá afgreiddar á undan öðrum dvalarleyfisumsóknum. Í annan stað fær Útlendingastofnun heimild til að veita dvalarleyfisumsóknum vegna vinnu hér á landi hraðafreiðslu. Það verður þó eingöngu gert þegar í hlut eiga fyrirtæki og stofnanir sem hafa reynslu af umsóknum um dvalarleyfi og hafa sýnt af sér mjög vönduð vinnubrögð við frágang umsókna. Útlendingastofnun verður þá heimilt að gefa út dvalarleyfi á grundvelli yfirlýsingar vinnuveitanda um að öll skilyrði dvalarleyfis séu uppfyllt og hann muni skila inn öllum gögnum fyrir hönd útlendingsins. Fyrst um sinn verður um tilraunaverkefni að ræða með fáum fyrirtækjum. Við þetta bætist að um miðjan janúar 2008 var verklagi vegna EES borgara breytt. Í stað útgáfu sérstakra dvalarleyfa til EES borgara er þeim einfaldlega gert að tilkynna dvöl sína hér á landi. Það hefur mikinn vinnusparnað í för með sér og auðveldar Útlendingastofnun að sinna leyfisveitingu vegna annarra.

Verði ofangreindar breytingar að lögum má búast við að einungis taki örfáa daga eða vikur að gefa út nauðsynleg leyfi vegna ráðningar sérhæfðra starfsmanna frá ríkjum utan EES.

## NORRÆNA HNATTVÆÐINGARVOGIN

Norræna ráðherranefndin gaf út í byrjun apríl mjög áhugaverða skýrslu sem heitir Nordic Globalization Barometer (Norræna hnattvæðingarvugin) og stendur til að uppfæra hana árlega. Niðurstöður hennar eru settar fram á myndrænan hátt og gefa til kynna að Norðurlöndin hafi staðið sig vel við nýjar og krefjandi aðstæður á miklum breytingatímum. Velmegun þeirra hafi aukist vegna mikillar samkeppnishæfni og sterkra tengsla við hagkerfi heimsins.

Hnattvæðingarvugin sýnir jafnframt að Norðurlöndin megi ekki sofna á verðinum. Samkeppni frá öðrum svæðum heimsins hefur minnkað samkeppnisforskot þeirra og breytingar á eðli heimsviðskipta bæði draga úr sumum af styrkleikum ríkjanna og auka kostnað við veikleika þeirra.

Hnattvæðingarvugin styðst við gögn um efnahagslega frammistöðu, samkeppnishæfni og getu til þess að standa sig í hnattvæðingunni. Markmið hennar er að varpa ljósi á frammistöðu Norðurlanda og hvað þau geta gert til að búa sig undir framtíðina.

Hnattvæðingarvugin sýnir að góð efnahagsleg frammistaða Norðurlanda byggist á mikilli framleiðni fyrirtækja í ríkjunum. Nýting náttúruauðlinda, stofnanaumgjörð og stöðugleiki í efnahagsmálum gera þau að fyrirmynd annarra ríkja. Aðrir styrkleikar eru samkeppnishæft viðskiptaumhverfi, einkum hvað varðar nýtingu mannauðs, vísindakerfið, jöfn tækifæri á mörkuðum, styrkur og hæfni fyrirtækja. Þrátt fyrir alla styrkleikana bendir hnattvæðingarvugin á ýmsar áskoranir sem ríkin standa frammi fyrir.

- Bilið á milli Norðurlandanna og annarra ríkja fer minnkandi
- Kostnaður vegna þeirra ókosta sem ríkin búa við fer vaxandi. Vandamál tengd háum tekjusköttum og lítils launamunar fara vaxandi með auknum hreyfanleika fólks.
- Ólíklegt er að styrkleikar hins almenna samkeppnisumhverfis muni duga til að ríkin verði í fremstu röð í framtíðinni. Þau þurfa að þróa með sér einstaka eiginleika til þess að komast á næsta stig framleiðni og samkeppnishæfni.

Norræn fyrirtæki standa vel á heimsmarkaði. Fjárfestingar erlendis eru miklar sem og útflutningur vöru og þjónustu. Fjárfestingar erlendra aðila í ríkjunum hafa einnig verið miklar. Norrænu ríkin bregðast vel við ytri áföllum og stofnanir á vinnumarkaði hafa auðveldað kerfisbreytingar. Þrátt fyrir styrkleikana eru ýmsar áskoranir sem tengjast hinum sterku alþjóðlegu tengslum.

- Norræn fyrirtæki þjóna erlendum mörkuðum í vaxandi mæli með starfsemi erlendis í stað útflutnings áður. Það dregur úr virðisaukanum sem verður til innanlands.
- Norðurlöndin þurfa að laða til sín erlendan mannauð og þekkingu í vaxandi mæli. Ekki er víst að framboð erlends hæfileikafólks verði jafn mikið og þörfin fyrir það.

Norðurlöndin geta bætt stöðu sína með ýmsum aðgerðum og aukinni samvinnu sín á milli, m.a. að fella niður ýmsar hindranir sem enn eru fyrir hendi, auka samstarf á vísindasviðinu og veita eftirsóttu starfsfólki frá öðrum ríkjum aðgang að vinnumörkuðum allra ríkjanna.

Hnattvæðingarvogin sýnir stöðu einstakra ríkja og Norðurlandanna sem svæðis í samanburði við önnur ríki og hvernig staðan hefur breyst undanfarin fimm ár. Staðan og breytingarnar eru táknaðar með þremur litum eins og á umferðarljósum.



Rauður litur táknar stöðu undir OECD meðaltalinu eða ESB-15 meðaltalsins, í röð neðar en 20 á heimsvísu, eða versnandi stöðu



Gulur litur táknar stöðu milli OECD ríkjanna og ESB-15 meðaltalsins, í röð á milli 10 og 20 á heimsvísu, eða enga breytingu



Grænn litur táknar betri stöðu en í OECD og ESB-15 ríkjunum að meðaltali, eða stöðu í topp 10 listanum á heimsvísu, eða framför

1. Velmegun (Prosperity). Öll Norðurlöndin búa við meiri velmegun en að meðaltali í OECD ríkjunum. Síðustu fimm ár hafa öll Norðurlöndin vaxið meira en meðaltal OECD. Velmegun er mæld sem landsframleiðsla á mann á jafnvirðisgildi (Purchasing Power Parity, PPP), staða miðast við árið 2007 og breyting miðast við 2002-2007.
2. Félagsleg staða (Social Inclusion) tekur mið af fátækt, langvinnu atvinnuleysi og atvinnuleysi meðal innflytjenda. Norðurlöndin standa vel á þessa mælikvarða. Langtímaatvinnuleysi hefur minnkað undanfarin ár og misskipting tekna er tiltölulega lítil. Eina sviðið sem löndin standa sig illa í er aðlögun útlendinga að vinnumarkaði sem skýrist af háu hlutfalli flóttamanna. Fátækt er mæld sem hlutfall fólks undir 60% af miðtekjum árið 2006. Langtímaatvinnuleysi er mælt sem hlutfalli mannaflans sem hafði verið án vinnu í meira en 12 mánuði árið 2006.
3. Framleiðni vinnuafis (Labour Productivity). Framleiðnin ákvarðar launastigið í alþjóðlegri samkeppni. Norðurlöndin eru með 7% meiri framleiðni en ESB-15 ríkin og 17% meiri en OECD meðaltalið. Tekjur Norðmanna af olíu- og gasvinnslu hafa þó mikil áhrif á þessa niðurstöðu þar sem öll hin ríkin liggja undir ESB-15 meðaltalinu, og Ísland er undir OECD meðaltalinu. Framleiðni hefur aukist í öllum ríkjunum frá 2002. Framleiðni vinnuafis er skilgreind sem landsframleiðsla á unna vinnustund árið 2007, breytingar miðast við 2002-2007.



## NORRÆNA HNATTVÆÐINGARVOGIN (NORDIC GLOBALIZATION BAROMETER)

		Ísland		Norðurlönd	
		Staða (Level)	Vöxtur/ breyting	Staða (Level)	Vöxtur/ breyting
Velmegun (Prosperity)	1	Green	Green	Green	Green
Félagsleg staða (Social Inclusion)	2	Green	Green	Green	Green
Framleiðni vinnuafis (Labour Productivity)	3	Red	Green	Green	Green
Vinnuframlag (Labour Input)	4	Green	Green	Yellow	Green
Kaupmáttur launa (Domestic Purchasing Power)	5	Red	Yellow	Red	Yellow
Stofnanir (Institutions)	6	Green	Green	Green	Green
Efnahagslegur stöðugleiki (Macroeconomic Volatility)	7	Green	Green	Green	Green
Fjármála- og peningastefna (Fiscal/Monetary Policy)	8	Yellow	Green	Green	Green
Almennt viðskiptamhverfi (Overall Business Environment)	9	Yellow	Yellow	Green	Yellow
Árangur námsmanna í stærðfræði (Educational Attainment: Math)	10	Green	Red	Green	Red
Grunngerð vísinda og tækni (Science and Technology Infrastructure)	11	Yellow	Green	Green	Yellow
Vísindalegt framlag (Scientific output)	12	Green	Green	Green	Green
Vegir, hafnir og flugvöllir (Physical Infrastructure)	13	Yellow	Green	Yellow	Green
Upplýsinga- og samskiptatækni (ICT)	14	Green	Green	Green	Green
Stofnanir markaðar (Market Institutions)	15	Yellow	Yellow	Yellow	Yellow
Reglur á vörumarkaði (Product Market Regulation)	16	Green	Green	Green	Green
Aðgangur að heimamarkaði (Openness of Domestic Competition)	17	Green	Yellow	Green	Yellow
Styrkur samkeppni á heimamarkaði (Intensity of Domestic Competition)	18	Red	Yellow	Yellow	Yellow
Reglur og skilvirkni í viðskiptum (Ease of Doing Business)	19	Green	Yellow	Green	Yellow
Aðgangur að fjármagni (Access to Capital)	20	Green	Yellow	Green	Green
Almenn skattbyrði (Overall Taxation Level)	21	Green	Yellow	Green	Green
Skattbyrði launa (Taxation Level of Wages)	22	Green	Green	Red	Green
Skattbyrði fyrirtækja (Taxation Level of Corporations)	23	Green	Green	Green	Green
Sjálfstæðir atvinnurekendur (Incidence of Entrepreneurship)	24	Green	Yellow	Yellow	Yellow
Stuðningsumhverfi fyrirtækja (Related and Supporting Industries)	25	Yellow	Green	Green	Green
Hæfni fyrirtækja (Company Sophistication)	26	Green	Green	Green	Yellow
Evrópsk nýsköpunarvísitala (European Innovation Index)	27	Yellow	Yellow	Green	Red
Kröfur neytenda (Demand Sophistication)	28	Yellow	Red	Green	Yellow
Frammistaða í umhverfismálum (Environmental Performance Index)	29	Green	Green	Green	Green
Jafnrétti kynja (Gender Equality)	30	Green	Yellow	Green	Green
Markaðshlutdeild á heimsmarkaði (Exports World Market Shares)	31	Red	Red	Yellow	Yellow
Beinar fjárfestingar erlendis (Outward FDI Stock)	32	Green	Green	Green	Red
Beinar fjárfestingar erlendra aðila innanlands (Inward FDI Attraction)	33	Yellow	Green	Green	Red
Kostnaður við að leggja niður fyrirtæki (Cost of Closing a Business)	34	Green	Yellow	Green	Yellow
Sveigjanleiki á vinnumarkaði skv. World Bank (Labour Market Rigidity)	35	Yellow	Green	Red	Green

4. Vinnuframlag (Labour Input). Vinnuframlag er talsvert hærra en í ESB-15 ríkjunum en heldur lægra en OECD meðaltalið. Ísland sker sig úr með 1.050 vinnustundir á íbúa, Danmörk og Finnland með 810. Í öllum ríkjunum nema Íslandi hefur vinnuframlag aukist undanfarin ár. Vinnuframlag er skilgreint sem vinnustundir á ári á íbúa árið 2007, breyting miðast við 2002-2007.
5. Kaupmáttur á heimamarkaði (Domestic Purchasing Power). Kostnaðarstig er hátt á öllum Norðurlöndunum. Samspil hárra skatta, lítilla heimamarkaða, mikils kaupmáttar og fleiri þátta leiða til hás verðlags. Kaupmáttur er í þessum samanburði staðvirtur miðaður við mismun á verðlagi á Norðurlöndunum og ESB-27 meðaltalinu.
6. Stofnanir (Institutions). Einkunnir stofnana ríkjanna fara eftir alþjóðlegri röðun þeirra hvað varðar ábyrgð (accountability), heiðarleika (lack of corruption) og löghlýðni (rule of law). Norðurlöndin eru öll á topp 10 listanum í heiminum á þennan kvarða.
7. Efnahagslegur stöðugleiki (Macroeconomic Volatility). Efnahagslegur stöðugleiki er mældur sem staðalfrávik hagvaxtar og telst stöðugleiki til styrkleika Norðurlandanna.
8. Fjármála- og peningastefna (Fiscal/Monetary Policy). Heilbrigð ríkisfjármál og lág verðbólga teljast til styrkleika Norðurlanda og er Ísland eina frávikíð í þeim efnunum vegna ofpenslu og óstöðugleika krónunnar. Einkunn fyrir fjármála- og peningastefnu byggir á skuldum hins opinbera og verðbólgu.
9. Almennit viðskiptaumhverfi (Overall Business Environment). Viðskiptaumhverfið er gott á Norðurlöndunum. Þrjú þeirra eru meðal fimm hæstu en Ísland er í 17 sæti. Öll löndin hafa haldið stöðu sinni undanfarin ár. Gæði viðskiptaumhverfisins eru mæld á grundvelli röðunar í Global Competitiveness Report 2002.
10. Árangur námsmanna í stærðfræði (Educational Attainment: Math). Samkvæmt OECD er hvatning til þess að stunda háskólanám minni á Norðurlöndum en annars staðar. Miklu fé er varið til niðurgreiðslu menntunar á háskólastigi en ávinningur háskólanáms í formi launaauka er tiltölulega lítill. Þessi mælikvarði er byggður á PISA rannsókn OECD fyrir árið 2006 og breyting miðast við samanburð á 2003 og 2006.
11. Grunngerð vísinda og tækni (Science and Technology Infrastructure). Stig er ákvarðað af einkunn í Global Competitiveness Report um framboð af vísindamönnun, gæðum rannsóknarstofnana, samstarfi milli háskólarannsóknna og atvinnulífs og fjölda einkaleyfa. Breytingar miðast við tímabilið 2001-2007. Norðurlöndin standa vel á þennan kvarða, einkum varðandi samstarf háskóla og fyrirtækja, en Ísland þó lakar en hin ríkin. Ísland er í 20. sæti sem er nálægt meðaltali OECD, en Finnland og Svíþjóð eru meðal 10 efstu.
12. Vísindalegt framlag (Scientific Output). Mælikvarðinn byggir á fjölda einkaleyfa á íbúa og tilvitnunum í vísindagreinir á íbúa. Norðurlönd standa vel á þennan kvarða.

13. Vegir, hafnir og flugvellir (Physical Infrastructure). Þessi mælikvarði er sóttur í röðun í Global Competitiveness Report 2007. Staðan miðast við 2006 og breytingar við tímabilið 2002-2006. Norðurlöndin eru nálægt meðaltali viðmið-unarríkjanna og hafa haldið stöðu sinni.
14. Upplýsinga og samskiptatækni (ICT Infrastructure). Þessi mælikvarði er sóttur í röðun í Network Readiness Index. Staðan miðast við 2006 og breytingar við tímabilið 2002-2006. Norðurlöndin eru öll meðal tíu efstu á þennan kvarða. Öll hafa ríkin haldið stöðu sinni nema Ísland sem hefur fallið niður um fjögur sæti.
15. Stofnanir markaðar (Market Institutions). Þessi mælikvarði er sóttur í röð ríkjanna í Economic Freedom Index. Staðan miðast við 2005 og breytingar fyrir tímabilið 2000-2005. Norðurlöndin eru fyrir ofan ESB-15 á þennan kvarða en neðan við OED meðaltalið. Til ókosta telst stór opinber geiri en til kosta telst öflug vernd eignaréttar, gæði reglusetningar og litlar viðskiptahindranir. Ísland fær háa einkunn fyrir hlutfallslega lítinn opinberan geira en einkunnin lækkar vegna innflutningshafta.
16. Reglur á vörumarkaði (Product Market Regulation). Þessi mælikvarði er byggður á röð ríkjanna skv. OECD og er litið til hversu opin ríkin eru fyrir erlendri samkeppni og skilvirkni stjórnkerfisins. Norðurlöndin eru vel yfir ESB-15 meðaltalinu og heldur hærri en OECD meðaltalið.
17. Aðgangur að heimamarkaði (Openness of Domestic Competition). Mælikvarðinn byggir á hlutlægni stjórnvalda, áhrifum stjórna fyrirtækja, vernd hugverkaréttinda og eignaréttinda. Gögn miðast við 2007. Norðurlöndin raðast öll hátt á þennan kvarða og eru talin búa öllum fyrirtækjum jöfn skilyrði. Hins vegar er samkeppnisstigið lágt, einkum á Íslandi sem raðast í 35. sæti, en önnur Norðurlönd eru í 15.-26. sæti.
18. Styrkur samkeppni á heimamarkaði (Intensity of Domestic Competition). Styrkur samkeppni er byggð á Global Competitiveness Report 2007 og þar raðast Norðurlöndin tiltölulega lágt, einkum Ísland, sem raðast í 35. sæti, en önnur Norðurlönd eru í 15.-26. sæti.
19. Reglur og skilvirkni í viðskiptum (Ease of Doing Business). Mælikvarðinn er sóttur til Alþjóðabankans sem gefur út Doing Business vísitölu og Governance gagnagrunn og miðast tölur við 2006 og 2007. Norðurlöndin öll standa vel á þennan mælikvarða.
20. Aðgangur að fjármagni (Access to Capital). Mælikvarðinn er sóttur í Global Competitiveness Report og byggir á fágun fjármálamarkaðarins, aðgangi að lánum, aðgangi að hlutabréfamarkaði og áhættufé. Gögn miðast við 2007. Norðurlöndin standa öll vel á þennan mælikvarða.

21. Almenn skattbyrði (Overall taxation). Mælikvarðinn er byggður á hlutfalli skatta af landsframleiðslu árið 2006. Öll Norðurlöndin nema Ísland eru meðal þeirra ríkja sem eru með hæstu skattbyrðina. Ísland er rétt undir ESB-15 meðaltalinu en mun hærra en OECD meðaltalið.
22. Skattar á laun (Taxation Level of Wages). Mælikvarðinn byggir á meðaltals skattbyrði á launatekjur. Öll Norðurlöndin nema Ísland eru með hæstu skattbyrðina á laun í heiminum. Ísland er með lægri skattbyrði en bæði meðaltal ESB-15 og OECD.
23. Skattbyrði fyrirtækja (Taxation Level of Corporations). Öll Norðurlöndin eru með lægra tekjuskattshlutfall á fyrirtæki en meðaltal ESB-15 og OECD.
24. Sjálfstæðir atvinnurekendur (Incidence of Entrepreneurship). Mælikvarðinn er sóttur í Global Entrepreneurship Monitor og byggir á hlutfalli sjálfstæðra atvinnurekenda af fólki á vinnualdri. Hlutfall sjálfstæðra atvinnurekenda er í meðallagi í öllum ríkjunum nema Íslandi þar sem hlutfallið er mun hærra en í hinum löndunum fjórum.
25. Stuðningsumhverfi fyrirtækja (Related and Supporting Industries). Mælikvarðinn er sóttur í Global Competitiveness Report og byggir á gæðum birgja í viðkomandi landi og því magni sem þeir geta afhent, aðgangi að framleiðslutækjum frá innlendum aðilum og aðgangi að sérhæfðum þjónustufyrirtækjum. Á þennan kvarða standa Svíþjóð, Finnland og Danmörk mjög vel og eru í 5-10 sætum á heimsvísu en Ísland hafnar í 27 sæti. Norðurlöndin í heild, og Ísland einnig, hafa verið að bæta stöðu sína undanfarin ár.
26. Hæfni fyrirtækja (Company Sophistication). Mælikvarðinn er sóttur í Global Competitiveness Report og byggir á stjórnunaraðferðum fyrirtækja og aðferðum þeirra í samkeppninni. Norðurlöndin standa flest vel á þennan kvarða og hafa þau haldið stöðu sinni undanfarin ár. Ísland stendur heldur lakar en hin Norðurlöndin í þessu efni.
27. Evrópsk nýsköpunarvísitala (European Innovation Index). Þessi mælikvarði er sóttur til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og byggir á skoðun á 25 þáttum sem snúa að þekkingaröflun og notkun hennar. Norðurlöndin standa vel á þennan kvarða sem heild en hafa ekki bætt stöðu sína. Ísland er í meðallagi.
28. Kröfur neytenda (Demand Sophistication). Mælikvarðinn er sóttur í Global Competitiveness Report og byggir á kröfum neytenda, opinberum útboðum, neytendavernd og umhverfisvernd. Svíþjóð er næst hæst á listanum, Danmörk og Finnland eru á topp 10 listanum, Noregur í 13. sæti og Ísland í 24. sæti.
29. Frammiastaða í umhverfismálum (Environmental Performance Index). Mælikvarðinn er sóttur til Yale University, Yale Environmental Performance Index, og byggir hann á sex mælikvörðum um heilsufar og 19 mælikvörðum um náttúruna. Norðurlöndin radast hátt á þennan kvarða, Svíþjóð hæst en Danmörk lægst.

30. Jafnrétti kynja (Gender Equality). Mælikvarðinn er sóttur til World Economic Forum og byggir á lauanmun, atvinnuþátttöku og tækifærum. Norðurlöndin eru fyrirmynd annarra ríkja á þessu sviði og eru fjögur þeirra í fjórum efstu sætunum en Danmörk er í 8. sæti á þennan kvarða. Þrátt fyrir sterka stöðu hefur þeim öllum tekist að bæta stöðu sína á undanförnum árum, að Íslandi undanskildu.
31. Markaðshlutdeild á heimsmarkaði (Exports World Market Shares). Mælikvarðinn byggir á hlutfalli útflutnings ríkjanna af samanlögðum útflutningi í heiminum samanborið við hlutdeild ríkjanna í heimsframleiðslunni. Markaðshlutdeild Norðurlanda í heimsútflutningi er 4% sem er 70% hærra en hlutdeild ríkjanna í heimsframleiðslunni. Hlutdeild ríkjanna í heimsútflutningi er eins og við má búast miðað við smæð þeirra og þau hafa haldið stöðu sinni. Ísland er undantekning þar á.
32. Beinir fjárfestingar erlendis (Outward FDI Stock). Mælikvarðinn byggir á hlut ríkjanna í beinum fjárfestingum erlendis samanborið við hlut þeirra í heimsframleiðslunni. Norðurlöndin í heild, og Ísland einnig, hafa fjárfest hlutfallslega mikið erlendis. Vöxturinn hefur hins vegar ekki verið mikill í samanburði við önnur ríki á undanförnum árum, að Íslandi undanskildu, sem sker sig úr fyrir mikinn vöxt fjárfestinga erlendis.
33. Beinir fjárfestingar erlendra aðila innanlands (Inward FDI Attraction). Mælikvarðinn byggir á hlut ríkjanna í beinum fjárfestingum erlendra aðila innanlands samanborið við hlut þeirra í heimsframleiðslunni. Norðurlöndin hafa öll laðað að sér miklar erlendar fjárfestingar, eru opin fyrir fjárfestingum í innlendum fyrirtækjum sem þykja aðlaðandi fjárfestingarkostir. Hluttur erlendra fjárfestinga á Íslandi er svipaður og í mörgum öðrum ríkjum. Bein fjárfesting erlendra aðila á Norðurlöndum hefur farið minnkandi undanfarin ár, að Íslandi undanskildu, sem skýrist af miklum fjárfestingum í áliðnaði.
34. Kostnaður við að leggja niður fyrirtæki fyrirtæki (Cost of closing a business). Mælikvarðinn er sóttur til Doing Business Indicator Alþjóðabankans. Kostnaður við að leggja niður fyrirtæki er lítill á öllum Norðurlöndunum en breytingar hafa verið litlar þar sem mælikvarðinn hefur aðeins verið reiknaður fyrir 2006 og 2007.
35. Sveigjanleiki á vinnumarkaði (Labour Market Rigidity). Mælikvarðinn er sóttur til Doing Business Indicator Alþjóðabankans. Bankinn byggir mat sitt á reglum um ráðningar, uppsagnir, vinnutíma, ráðningarskilyrði og launakostnaði öðrum en launum. Norðurlöndin fá mjög mismunandi einkunnir. Danmörk fær hæstu einkunnina fyrir sveigjanleika og lendir á topp 10 listanum, en Ísland fær meðaleinkunn og er í 42. sæti. Hin ríkin teljast mjög ósveigjanleg og lenda í sætum frá 94-127. OECD leggur einnig mat á sveigjanleika með öðrum aðferðum og kemst að þveröfugri niðurstöðu, þ.e. að vinnumarkaðir Norðurlandanna séu sveigjanleigir, en Ísland er ekki með í þeim samanburði.

Hönnun og uppsetning: Auglýsingastofa skaparans

Prentun: Formprent

---





SAMTÖK ATVINNULÍFSINS  
Borgartúni 35 – 105 Reykjavík – [www.sa.is](http://www.sa.is)